

LISTIR


Samtal milli menningarheima

MYNDLISTARSÝNINGIN Milli goðsagnar og veruleika stendur yfir í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi um þessar mundir, en hún er hingað komin frá Konunglega fagurlistasafninu í Jórdaníu. Á sýningunni er veitt yfirlit yfir nútíma-myndlist frá arabaheiminum og í tengslum við opnun hennar kom hingað til lands dr. Khaled Khreis, safnstjóri fagurlistasafnsins í Jórdaníu.

Khreis er menntaður myndlistarmaður, hann nam fyrst í Kaíró en síðar á Spáni þar sem hann var búsettur um margra ára skeið. Auk myndlistarmenntunarinnar lauk Khreis doktorsgráðu í listasögu við Háskólann í Barcelona. Hann tók við stjórn fagurlistasafnsins, Jordan National Gallery, fyrir ári og hefur verið önnur kafinn við reksturinn síðan. Sjálfur á Khreis verk á sýningunni Milli goðsagnar og veruleika, en segist þó lítinn tíma hafa til að sinna málverkinu samhliða safnstjórninni. „Fagurlistasafnið í Jórdaníu var stofnað árið 1980 og hefur eignast 1.800 listaverk eftir listamenn úr hinum gamla arabaheimi og þróunarlöndunum. Safnið hefur lagt mikla áherslu á sýningarhald utan Jórdaníu og er sýningarverkefnið í Reykjavík liður í því starfi,“ segir Khreis og bætir því við að safnið standi einnig fyrir sýningum í Jórdaníu er fengnar eru frá öðrum löndum.

Samskiptin við Ísland komust á í gegnum Hannes Sigurðsson, forstöðumann Listasafnsins á Akureyri, en sýningin Milli goðsagnar og veruleika var fyrst haldin þar í sumar.

„Við höfum lagt mikla áherslu á menningarlegt samstarf milli austurs og vesturs. Hugmyndin er ekki



Morgunblaðið/RAX

„Hugmyndin er ekki síður að veita innsýn í menningu og hugmyndaheim íslamska heimsins í gegnum listræna tjáningu einstaklinga,“ segir dr. Khaled Khreis, safnstjóri Konunglega fagurlistasafnsins í Jórdaníu, um sýninguna Milli goðsagnar og veruleika sem stendur yfir í Hafnarhúsinu.

síður að veita innsýn í menningu og hugmyndaheim íslamska heimsins í gegnum listræna tjáningu einstaklinga. Eftir hryðjuverkaárásirnar 11. september í fyrra hefur ímynd araba og múslima beðið mikinn hnekki í augum vestræna heimsins. Þá er oft dregin upp mjög neikvæð mynd af fólki frá þessum heimshluta í vestrænum fjölmiðlum og erum við að leitast við að snúa þessari þróun við með þessum samskiptum. Sýningin milli goðsagnar og veruleika veitir innsýn í hefð og samtímalegar skoðanir listamanna frá jafnólíkum löndum og Alsír,

Egyptalandi, Írak, Jórdaníu, Kúveit, Líbanon, Marokkó, Palestínu, Sádi-Arabíu, Súdan, Túnis og Sameinuðu furstadæmunum. Um þessar mundir stendur jafnframt yfir sýning í Grikklandi úr safneign okkar er nefnist „Breaking the Veils“ (Í gegnum blæjuna) og samanstendur af verkum íslamskra kvenna,“ segir Khreis.

Sýningin Milli goðsagnar og veruleika – nútímalist frá arabaheiminum telur 60 myndverk eftir 46 listamenn. Sýningin skiptist í tvo hluta sem endurspeglar ákveðnar nálganir í arabískri myndlist á því

tímabili sem sýningin spannar, þ.e. frá 1950 til samtímans. Þannig er fjallað um úrvinnslu listamanna á arabísku skrautritunarhefðinni annars vegar og óhlutbundna málverkið hins vegar. „Skrautritunarhefðin er mjög sterk í arabískri menningu og hefur hún sett mark sitt á listsköpunina,“ segir Khreis. „En listamennirnir nálgast hefðina út frá ólíkum forsendum, hvort sem það er í trúarlegum skrifskotunum eða formrænum efnum. Móðernisminn í verkunum í hinum hluta sýningarinnar tengist vestrænum áhrifum, er bærust með listamönnum er höfðu sótt nám til Evrópu, Bandaríkjanna eða Rússlands og færðu áhrifin með sér inn í arabískan listheim. Þessi áhrif blönduðust auðvitað þeirri hefð sem var fyrir í menningunni, og fundu listamenn þar farveg til að tjá staðbundin hugðarefni í samhengi við hinn vestræna móðernisma. En óhlutbundin tjáning á sér líka rótgróna hefð í íslamskri menningu. Hún tengist skrautrituninni og hinni lífrænu skreytihefð sem áberandi er í arabískum stíl.“

Khaled segir margvíslega hugmyndafræðilega tjáningu birtast í verkunum á sýningunni. „Listin er mikilvæg pólitísk tjáningarleið fyrir marga unga listamenn í mörgum arabalöndunum til að gagnrýna ríkjandi ástand í eigin landi. Verk Lailu Shawa frá Palestínu er t.d. sterk tjáning á stöðu kvenna í íslamskri menningu. Um leið er listin mikilvægt tungumál til þess að fjalla um hið almenna og alþjóðlega og auka skilning fólks milli ólíkra menningarheima,“ segir Khreis að lokum.

heida@mbl.is

Aldarminning Indriða Waage

SAMTÖK um leikminjasafn heiðra minningu Indriða Waage leikstjóra og leikara, sem hefði orðið 100 ára 1. desember, með því að opna vefsíðu



Indriði Waage sem Galdrá-Loftur árið 1933.

um hann og afhjúpa veggspjald í Iðnó í dag kl. 17. Umsjón með samantekt um Indriða og dagsskránni hefur Sveinn Einarsson. Indriði lést árið 1963. Indriði Waage leikari og leikstjóri var fæddur í Reykjavík 1. desember 1902, sonur Jens B. Waage leikara og leikstjóra og síðar bankastjóra og konu hans Eufemiu Waage leikkonu. Afri hans og nafni var Indriði Einarsson, frumkvöðull í leikritun og mestur baráttumaður þess að Íslendingar eignuðust Þjóðleikhús. Indriði Waage var því alinn upp í leikhúsumhverfi og snemma beygðist hugur hans í þá átt, þó að hann þyrfti sem flestir aðrir af hans kynslóð að sinna ýmsum öðrum daglegum störfum sér til lífsviðurværis. Tvítugur að aldri þreytir hann frumraun sína á leiksviði. Um þetta leyti urðu kynslóðaskipti hjá Leikfélagi Reykjavíkur, ung kynslóð er að taka við og Indriði er þar í forystusveit sem leikari og leikstjóri. Hann er fyrstur til að færa upp leikrit Shakespeares á Íslandi, fyrir hans tilstilli er Pirandello sýndur hér á sama tíma og hann kemur fram í öðrum löndum og hann kynnir landsmönnum hugmyndir um alþýðuleikhús með leikgerðum á sögum Jóns Thoroddsens.

bílar

Morgunblaðið

ALLT UM BÍLAMARKAÐINN Á EINUM STAÐ

TILBOÐ TIL ÁSKRIFENDA

Öllum áskrifendum Morgunblaðsins býðst smáauglýsing fyrir aðeins 995 kr.*

*4 línur og mynd. Gildir til áramóta.

SMÁAUGLÝSINGAR fyrir notaða bíla

Aðeins 1.689 kr. án myndar og 2.948 kr. með mynd
við myndum bílinn fyrir þig!

Pantanafrestur smáauglýsinga er til kl. 12:00 á þriðjudögum.

Hafðu samband við auglýsingadeild Morgunblaðsins í síma 569 1111 eða augl@mbl.is til að fá frekari upplýsingar.